

Fundur í skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Þriðjudaginn 2. september 2014 kl. 17:00 í fundarherbergi skólans

Mættir: Atli Harðarson skólameistari, Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri, Eiríkur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi kennara, Dagbjört Guðmundsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar, Helena Guttormsdóttir tilnefnd af sveitarfélögum, Hjördís Hjartardóttir tilnefnd af sveitarfélögum, Reynir Þór Eyvindsson skipaður af ráðherra án tilnefningar, Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar, Anna María Þórðardóttir varafulltrúi, Adda Malín Vilhjálmssdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda.

Fylgiskjöl:

- Fylgiskjal með yfirliti um breytingar á starfsliði og auglýsingar á störfum, upplýsingar um innritun og upphaf haustannar og yfirlit um rekstur skólans á fyrri helmingi ársins 2014.
- Tölvupóstur frá Reyni þar sem hann óskar eftir að tvö mál verði tekin fyrir undir liðnum „önnur mál“.
- Tölvupóstur frá Helenu sem hún óskar eftir umræðu um undir liðnum „önnur mál“.

Dagskrá

- Yfirlit um breytingar á starfsliði og auglýsingar á störfum
- Innritun og upphaf haustannar
- Rekstur skólans
- Framtíðarhorfur
- Önnur mál

1. Yfirlit um breytingar á starfsliði og auglýsingar á störfum

Atli setur fund klukkan 17:05. Hann fer yfir þær breytingar á starfsliði skólans sem hafa orðið í haust (sjá fylgiskjal) og segir frá því að umsókanrfrestur um tímabundið starf fjármálastjóra hafi runnið út þann 1. september og að níu umsóknir hafi borist og að gengið verði frá ráðningu fljótlega. Hann segir litla starfsmannaveltu hafa verið í skólanum undanfarin ár en það komi til með að breytast á næstu árum vegna aldursamsetningar í starfsmannahópnum. Hann fer yfir þær starfsmannabreytingar sem hafa orðið og eru væntanlegar á yfirstjórn skólans.

Helena spyr um ástæður þess hversu seint er auglýst eftir eftirmanni Atla sem lætur af störfum þann 15. september næstkomandi. Ákveðið að nýr formaður skólanefndar muni hafa samband við Ólaf Sigurðsson í mennta- og menningarmálaráðuneyti og þrýsta á að embætti skólameistara FVA verði auglýst.

2. Innritun og upphaf haustannar

Aðsókn í skólann er svipuð og síðastliðið haust. Í skólann innrituðust 108 nýnemar sem luku grunnskóla vorið 2014. Nemendasamsetning skólans hefur breyst þannig að nú í haust koma 80% nemenda héðan af Akranesi. Í skólanum eru u.þ.b. 20 nemendur með annað móðurmál en íslensku. Námsgengi nemenda af erlendum uppruna hefur ekki verið nógu gott undanfarin ár. Brottfall úr þessum hópi er mikið og nemendurnir hafa átt í erfiðleikum með að samlagast öðrum nemendum félagslega. Almennar umræður um mögulegar leiðir til að koma betur til móts við þennan hóp nemenda. Dreifing þessa nemendahóps er mikil (sjá

fylgiskjal). Farið var sérstaklega yfir aðsókn í starfsnám skólans. Fundarmenn voru sammála um að halda áfram að fá fleiri nemendur til að innrita sig í starfsnámið. Ræddur var möguleikinn á að senda fulltrúa úr hópi verknámskennara í grunnskólana á Vesturlandi til að kynna og auka áhuga nemenda á verknámi. Almennar umræður.

3. Rekstur skólans

Guðrún Lind fjármálastjóri fer yfir rekstur skólans á fyrri helmingi ársins 2014. Staðan eftir 1. júní er góð. Að vísu var mótuneytið rekið með halla en það er tilkomið vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Launagreiðslur á haustönn verða talsvert þyngri vegna nýs kjarasamnings kennara og erfitt er að sjá hver raunveruleg rekstrarstaða skólans er núna. Almennar umræður um þennan lið.

4. Framtíðarsýn

Atli fer yfir þær breytingar sem hafa orðið og munu verða á starfsmannahópnum. Það verða kynslóðaskipti á næstu árum, miklar breytingar eru á yfirstjórn skólans en þar hafa aðallega ráðist karlmenn til starfa frá upphafi. Atli hvetur fulltrúa skólanefndarinnar til að ræða kynjasamsetningu stjórnenda og fleiri mál. Almennar umræður.

5. Önnur mál

a) Kosning formanns

Nýr formaður til eins árs er kosinn Reynir Þór Eyvindsson.

b) Nýting skólahúsnæðis

Reynir leggur fram til umræðu nýtingu skólahúsnæðis. Hann spyr hvort ekki sé hægt að auka nýtinguna t.d. á trésmíðaverkstæði, salnum, heimavist og fleiru: Finnst að skólinn eigi að skoða möguleika á tekjuöflun. Atli fer yfir hvað megi og hvað megi ekki í þessum málum. Fundarmenn eru sammála um að það sé gott að opna skólann meira til að hann verði „lífandi“ í samfélaginu. Atli telur að skoða þurfi rekstur heimavistarinnar ef halli verði af rekstri hennar áfram. Ef svo verði þurfi að breyta rekstrarfyrirkomulagi hennar því ekki er hagkvæmt að hafa laus herbergi. Nýting heimavistarinnar er samt betri núna en var á síðustu vorönn.

c) Hlutverk skólanefndar í ráðningarferli um stöðu skólameistara

Ekki liggur fyrir auglýsing um embætti skólameistara skólans. Almennar umræður um ástæður þess að ekki liggur fyrir auglýsing. Nefndarmenn telja gott ef þeir geta séð auglýsinguna áður en hún birtist og þannig haft áhrif á innihald hennar því auglýsingin geti markað framtíðarsýn skólans. Helena segir frá sinni reynslu sem skólanefndarfulltrúa við ráðningarferlið sem fór í gang þegar Atli var ráðinn og leggur fram matslista (sjá fylgiskjal) sem nefndin notaði til að meta umsækjendur. Viðkomandi listi var talinn mjög góður og nýttist vel við að veita umsagnir um umsækjendur og var ákveðið að nota hann í væntanlegu ferli við mat á umsækjendum um embætti skólameistara.

Fundi slitið rúmlega sjö.

Hafdís Fjóla Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð.